

Ed.

38. Frumvarp til laga

[37. mál]

um breyting á l. nr. 8 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson, Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson.

1. gr.

Við 10. gr. laganna, staflið c, bætist: Frihöfnin á Keflavíkurlflugvelli.

2. gr.

Við 10. gr. laganna, um landsútsvör, bætist eftirfarandi stafliðir:

f) Vátryggingafélög.

g) Flugfélög.

h) Eimskipafélag Íslands hf., Hafskip hf.

i) Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusamband isl. fiskframleiðenda, Innkaupadeild LÍÚ, ferðaskrifstofur.

j) Samband isl. samvinnufélaga.

3. gr.

E-liður 11. gr. laganna orðist svo:

2% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta banka, sbr. 10. gr. c.

4. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Í eftirfarandi tilvikum miðast fjárhæð landsútsvara við ákveðið hlutfall af rekstrarútgjöldum næstliðins almanaksárs skv. ákvæðum V. kafla um aðstöðugjald:

f) 1% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. f.

g) 0.33% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. g.

h) 0.65% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. h.

i) 1.30% hjá fyrirtækjum sem nefnd eru í 10. gr. i.

j) 0.50—1.30% af rekstrarútgjöldum þess fyrirtækis, sem nefnt er í 10. gr. j, í samræmi við reglur um aðstöðugjöld í Reykjavík.

5. gr.

Við 36. gr. laganna bætist:

Fyrirtæki, sem greiða landsútsvar samkvæmt ákvæðum 10. gr. f-j, greiða ekki aðstöðugjald.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 10. og 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 8 1972, eru ákvæði um greiðslu landsútsvara, og eru þau við það miðuð, að nokkur stærstu fyrirtæki landsins, sem óumdeilanlega hafa starfsvettvang um land allt, greiði framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Samkvæmt 13. gr. kemur fjórðungur landsútsvara, sem til fellur í hverju sveitarfélagi, í hlut þess, en að öðru leyti er úthlutunarfé Jöfnunarsjóðs skipt á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. desember árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fær hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum og útsvörum gjaldársins.

Í frv. þessu er lagt til að fjölga nokkuð þeim fyrirtækjum sem greiða landsútsvar. Mjög mörg fyrirtæki hafa landið allt sem viðskiptasvæði, en hér er aðeins gerð tillaga um nokkur hin stærstu.